

Nd.

13. Frumvarp til laga

[13. mál]

um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti, tollstjóraembætti svo og rannsóknarlögregla ríkisins.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Undir sakadómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. opinber mál, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 74/1974, barnsfaðernismál, uppkvaðning lögheimilisúrskurða svo og uppkvaðning meðlagsúrskurða og úrskurða samkvæmt lögum um innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórinn í Reykjavík fer með lögreglustjórn aðra en stjórn rannsóknarlögreglu ríkisins, strandmál, útlendingaeftirlit, útgáfu vegabréfa og önnur þau mál, er lög ákveða. Starfssvið rannsóknarlögreglu ríkisins er ákveðið með sérstökum lögum.

4. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög ákveða, hver störf skuli lögð undir embætti þau, sem nefnd eru í lögum þessum.

5. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins skal fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Jafnframt er felld úr gildi lokasetning 3. mgr. 16. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp samsvarandi þessu frumvarpi var flutt á síðasta þingi samhliða frumvarpi til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins. Breytingar þær, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, á lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., eru nauðsynlegar, ef lagafrumvarp um rannsóknarlögreglu ríkisins verður að lögum. Að tillögu réttarfarsnefndar hefur sú breyting verið gerð á frumvarpinu, að í 3. grein er felld niður bein ákvörðun um, hvaða embætti skuli falið að annast framkvæmd refsídóma og umsjón fangelsa í Reykjavík. Bendir nefndin á, að breyting þessi miði að því, að veita dómsmálaráðherra frjálsari hendur til að skipuleggja stjórn fangelsismála og framkvæmd refsídóma. Mörg atriði í skiptingu starfa milli embætta þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og um nánara skipulag á störfum þeirra og samstarfi, sýnist heppilegt að ákveða nánar, er framkvæmd hinna nýju lagaákvæða verður undirbúin.